



Húnavöllum, 10. nóvember 2021.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Húnavatnshreppur vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Húnavatnshreppur hafði fréttir af því fyrir algera tilviljun að drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu hefðu komið til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda þann 24. september 2021.

Ekki getur það talist góð stjórnsýsla að setja svona stórt mál í umsagnarferli án þess að tilkynna það formlega til hlutaðeigandi aðila.

Húnavatnshreppur gagnrýnir, samráðleysi sem var við vinnslu reglugerðardraganna.

Í 11. gr. laga um landgræðslu 155/2018 segir:

„Leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu.

Ráðherra skal setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, sbr. 9. gr., með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútandi sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju. Landgræðslan gerir tillögur að slíkum leiðbeiningum og viðmiðum að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila eftir því sem við á hverju sinni. Ráðherra birtir opinberlega drög að leiðbeiningum og viðmiðum og skal frestur til að skila athugasemdum vera að lágmarki fjórar vikur.“

Samráð við sveitarfélagið um innihald og helstu áherslur í reglugerðinni var ekkert.

Innhald og uppsetning reglugerðardraganna eru torskilin. Erfitt er að átta sig á hvað eru tilmæli, hvað eru reglur og hvað leiðbeiningar og þar af leiðandi að átta sig á hver raunveruleg áhrif reglugerðarinnar verða á einstakar atvinnugreinar og samfélagið í heild.

Drögin gera ráð fyrir að meta sjálfbærni einvörðungu út frá ástandi lands miðað við vistgetu landsins. Upplýsingar um vistgetu liggja ekki fyrir. Það er útilokað að átta sig á hver áhrif reglugerðarinnar verða nákvæmlega fyrir nýtingu bænda á landi. Það verður að teljast ámælisvert að setja fram reglugerð með útreikningum, byggða á illa skilgreindum hugtökum, án þess að birta um leið niðurstöður útreikninga byggða á aðferðafræðinni.

Í viðauka um jarðrækt er dreifing á tilbúnum áburði bönnuð á öllu landi innan við 5-10m frá vatni ekki er hægt að átta sig á hvar 5 metrar eru reglan og hvar 10 metrar, eða hvort 10 metrarnir eru bara tilmæli. Þá er gerð athugasemd við það að ekki sé heimilt að dreifa búfjáráburði nær vatni (árvatni, lindum, stöðuvötnum og borholum) en 50 metra, svo og að ekki megi dreifa búfjáráburði né tilbúnum áburði á tímabilinu 1. nóvember til 15. mars. Þetta er óframkvæmanlegt og setur rekstur þeirra sem stunda landbúnað í uppnám.

Stór hluti akuryrkjúlunds í sveitarfélaginu liggur meðfram bökkum Vatnsdalsár, Laxár á Ásum, Blöndu, Svartár, Svínavatns, svo eitthvað sé upptalið og fjarlægðarmörk tengt dreifingu áburðar í metrum talið getur takmarkað verulega nýtingu þess lands. Nær væri að horfa til nýtingar tækninnar við dreifingu áburðarefna þar sem það á við og meta mismunandi aðstæður á hverjum stað og takmarka þá vegna ákveðinna forsenda, svo sem vegna neysluvatns.

Ekki liggur fyrir hversu mikið af ræktuðu landi tapast með þessum takmörkunum og hvort ábati er af því að rækta það upp annarsstaðar. Þá liggja ekki fyrir mælingar á útskolun eða hver þau gildi mega vera. Einnig vantar skilgreiningu á vatni.

Óljóst er hvort framræsluskurðir með vatnsrennsli séu vatn í skilningi reglugerðarinnar. Ef svo er þá er vandséð að hægt sé að stunda landbúnað í þeirri mynd sem nú er í sveitarfélaginu og raunar á stærsta hluta Íslands.

Í viðauka II Sjálfbær landnýting og akuryrkja, segir meðal annars:

„Jarðvinnsla er óæskileg síðla árs og til vors, 15. nóv. til 15. mars, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar: Öll jarðvinnsla utan vaxtartímabils gróðurs á hverju ári frá og með 15. nóv. til 15. mars er óæskileg á öllu landbúnaðarlandi, þar sem slík jarðvinnsla skilur eftir land með engri gróðurþekju sem væri þá óvarið fyrir roföflum að vetrarlagi. Slíkt land tapar næringarefnum, býr til jarðvegsrof og orsakar léleg loftgæði, sem síðan valda neikvæðum og kostnaðarsömum samfélagslegum, umhverfislegum og heilsutengdum áhrifum. Jarðvinnu má hefja að vori eftir 15. mars eða þegar jörð er orðin tilbúin til sáningar, gróðursetningar eða niðursetningar. Ljúka skal jarðvinnslu sem fyrst að vorlagi til að nýta jarðraka og lengd vaxtartíma sem best.“

Þá segir einnig: *„Þjöppun jarðvegs: Þjöppun jarðvegs skal forðast til að lágmarka neikvæð áhrif á byggingu jarðvegs, svo ekki tapist holrýmd eða loftun jarðvegs, eða tap verði á jarðvegi, rof, eða hægara flæði vatns í gegnum jarðveginn sem valdið getur uppskerurýrnun og vandamálum við rótarvöxt. Ekki skal jarðvinna akra með miklum jarðraka. Lágmarka skal umferð um akur, skipuleggja skal langtíma umferðarleiðir á akri, nýta dekkjategundir og létt landbúnaðartæki til að lágmarka þjöppunaráhrif og skemmdir á uppskeru.“*

Í þessum kafla er textinn, umfangsmikill en í framsetningunni flækjast saman ýmis leiðbeinandi tilmæli eða beinar skyldur og oft óljóst að greina á milli. Þarna þarf að gera augljósan greinarmun milli svo allir skilji við hvað er átt hverju sinni. Við lestur kaflans kemur í ljós að ýmis viðmið þar eiga ekki við hérlandis, ræktunar- eða veðurfarslega, og þar með er margt illfrankvæmanlegt, s.s. vetrarþekja/ræktun á tímabundinni uppskeru.

Ljóst má vera að áhrif reglugerðar sem þessarar mun hafa áhrif á fjárhag íbúa Húnavatnshrepps. Landbúnaður skipar stærstan þátt í atvinnu íbúanna. Ljóst má vera að ef reglugerðardrögin verða samþykkt óbreytt verður landbúnaði verulaga þröngur stakkur sniðinn og við blasir að einhverjir muna þurfa að minnka bústofn sinn og draga saman rekstur, á sama tíma mun rekstrarkostnaður þeirra aukast vegna reglugerðarinnar.

Í drögum af reglugerð, kemur fram að sveitarfélög komi að eftirliti með beitolandi en ekki skilgreint hvers konar og hver beri kostnaðinn af slíku. Ljóst er að um gríðarleg umfangsmikið og kostnaðarsamt verkefni er að ræða en hvergi minnst á hver beri þann kostnað

Húnavatnshreppur gerir athugasemd við að ekki liggi fyrir mat á áhrifum fyrirhugaðrar reglugerðar á fjárhag sveitarfélagsins. Í 129. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að fram fari sérstakt mat á áhrifum stjórnvaldsfyrirmæla á fjárhag sveitarfélaga og ber ráðherra ábyrgð á því að slíkt mat fari fram.

Húnavatnshreppur gerir athugasemd við það, að völd séu sífellt að færast á hendur einstakra ríkisstofnana, í þessu tilfalli Landgræðslunnar. Landgræðslan semur reglugerðardrögin án samráðs við sveitarfélög og hagsmunaaðila, Landgræðslan sér um framkvæmd og eftirlit.

Húnavatnshreppur hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til að endurskoða drögin og fá alla hagsmuna aðila að borðinu, svo að raunhæf reglugerð um sjálfbæra landnýtingu verði til. Ef svo verður ekki, er það mat Húnavatnshrepps að ekki sé vilji hjá stjórnvöldum til áframhaldandi fjölbreyttar matvælaframleiðslu á Ísland

Húnavatnshreppur leggst eindregið gegn því að reglugerðin verði samþykkt í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd Húnavatnshrepps


Einar Kristján Jónsson
sveitarstjóri
